



SKÓGRÆKTARFÉLAG
REYKJAVÍKUR
Stofnað 1901

Umsögn Skógræktarfélags Reykjavíkur um *Drög að atvinnustefnu Íslands – Vaxtarplan til 2035*

Skógræktarfélag Reykjavíkur (SR), óhagnaðardrifið félagasamtök reykvíssks skógræktaráhugafólks, fagnar því að ráðist sé í heildstæða atvinnustefnu fyrir Ísland til ársins 2035. Félagið er eitt elsta starfandi skógræktarfélag landsins, fyrst stofnað árið 1901, og hefur gegnt lykilhlutverki í uppbyggingu skóga, landbóta og útivistarsvæða á höfuðborgarsvæðinu og víðar um land í rúma öld. SR annast m.a. Heiðmörk, stærsta útivistarsvæði höfuðborgarbúa, auk Esjuhlíða og fleiri mikilvægra grænna innviða. SR á jarðir í öðrum landshlutum þar sem félagið ræktar skóg í fjölþættum tilgangi.

Við teljum afar jákvætt að atvinnustefnan leitist við að samþætta loftslagsmarkmið og efnahagslegan vöxt. Enn fremur fögnum við upphafsorðunum í inngangi stefnunnar: „Ríkisstjórnin mun vinna skipulega að þróun nýrra kjölfestuverkefna á landsbyggðinni til að treysta byggð og atvinnulíf um allt land.“ Hins vegar teljum við að **skógrækt sem atvinnugrein, kolefnisbinding, eflað vistkerfisþjónusta skóga og hringrásarhagkerfi** þurfi að njóta sannmælis og fá skýrari og stærri sess í atvinnustefnu Íslands.

Skógrækt er vaxandi atvinnugrein og grunnstoð í sjálfbæru hagkerfi

Í drögum að atvinnustefnunni er skógrækt ekki nefnd sérstaklega en áætla að hún sé hluti af landbúnaði, en **skógrækt er í dag fullgild og hratt vaxandi atvinnugrein** sem spannar:

- sjálfbæra timburframleiðslu
- verðmætasköpun í hringrásarhagkerfi
- kolefnisbindingu og loftslagsaðgerðir
- vistkerfisþjónustu
- útivist, ferðaþjónustu og lýðheilsu
- menntun, starfsþjálfun og félagslega virkni
- nýsköpun í lífefnum, hönnun og vistvænum byggingarefnum

Yfir 99% af þeim viðarafurðum sem seldar eru árlega á Íslandi eru innfluttar. Stórauka mætti innlent framboð á afurðum úr skógi, úr þeim skógum sem eru að vaxa upp víða um land og eins þeim sem á eftir að rækta. Hér er því mikið svigrúm til úrbóta, ef markmið um „timburöryggi“ (sbr. „fæðuöryggi“) eiga að nást. SR rekur eina sögunarmillu höfuðborgarsvæðisins, sem gegnir mikilvægu hlutverki í nýtingu innlends timburs og í þróun vistvænnar byggingarhefðar. Verkefnið **Gæðafjalir**, unnið í samstarfi við Mannvirkjastofnun, sýnir hvernig timbur úr Heiðmörk getur orðið sjálfbær valkostur við stál og steinsteypu.

Við leggjum til að skógrækt verði **skilgreind sérstaklega sem lykilatvinnugrein í stefnunni**, með tilteknu vaxtarsviði og atvinnuáherslum.

Kolefnisbinding og loftslagsaðgerðir skapa ný störf – fjölbreyttar lausnir þarf til, þar á meðal náttúrulega bindingu sem er hagkvæm og áhrifarík

Kolefnisbinding verður á komandi árum eitt af mikilvægari sviðum atvinnuuppbyggingar á heimsvísu.

Nýleg umfjöllun Johan Rockström í [The Guardian \(11.11.2025\)](#) dregur fram að heimurinn þurfi að fjarlægja allt að 10 milljarða tonna CO₂ á ári úr andrúmsloftinu til að halda hlýnun innan ásættanlegra marka. Þetta kallar á sambland ólíkra lausna – bæði tæknilegra og náttúrulegra.

Íslensk skógrækt og landbætur eru mikilvægur þáttur í þessari mynd. Í drögum að atvinnustefnu til 2035, í kaflanum „Loftslag“ um „kolefnisstjórnun“, „kolefnisföngun“ og „kolefnisnýtingu“, virðist skilgreining á kolefnisbindingu aðallega miðast við bindingu í bergi. Þótt CarbFix-aðferðin sé stórt framlag Íslands til loftslagslausna er hún ekki eina leiðin – og í mörgum tilvikum eru náttúrulegar aðferðir hagkvæmari og veita breiðari samfélags- og umhverfisávinning. Samkvæmt Johan Rockström, sem *The Guardian* fjallaði um 11. nóvember 2025, myndi það að reiða sig eingöngu á tæknilausnir til að fjarlægja nauðsynlegt magn CO₂ kosta allt að einum billjón dollara á ári, á meðan náttúrulegar aðferðir eins og skógrækt og landbætur geta bundið kolefni á broti af þeim kostnaði.

Náttúruleg kolefnisbinding, s.s. skógrækt og landgræðsla, býður m.a. upp á:

- keppnishæfan kostnað miðað við flestar tæknilausnir
- varanlega bindingu í jarðvegi og timbri
- aukna vistkerfisgæði og stuðning við líffræðilega fjölbreytni
- atvinnusköpun víða um land, bæði í þéttbýli og dreifbýli
- jákvæð samfélags- og heilsufarsáhrif

Við leggjum til að stefnan innihaldi eftirfarandi:

- Þjóðaráttak í kolefnisbindingu með skógrækt og landbótum sem burðarstoðum atvinnuuppbyggingar.

- Skýra bindingarmælikvarða og hvata til fjármögnunar.
- Virka þátttöku Íslands á alþjóðlegum kolefnisbindingarmörkuðum.

Skógurinn sem grunnur að hringrásarhagkerfi og vistvænum byggingariðnaði

Timbur getur komið í stað innflutts stáls og steypu, dregið úr losun og bundið kolefni til áratuga. Með vaxandi skógi eykst þörf á grisjun og mikilvægt er að efni sem fellur til sé virkjað sem auðlind:

- afsag og flís til orku og orkuskipta
- hráefni í lífefni, líflím og lífdísel
- endurnýtt timbur í hönnun og byggingariðnaði
- jarðvegsbætandi efni og landgræðsluefni, s.s. lífkol (e. biochar)
- nýsköpun í vistvænni framleiðslu og efnisgerð

Rúmlega 150.000 tonn af viðarafurðum eru flutt inn til landsins árlega, sem samsvarar rúmlega 195.000 rúmmetrum af timbri (miðað við samantekt á ákveðnum vöruflokkum Hagstofunnar). Þetta magn inniheldur ekki bara sagað timbur heldur einnig iðnvið og unnar viðarafurðir. Við leggjum til að stefnan setji fram sérstakan kafla um „Græna verðmætasköpun úr íslenskum skógum“ og markmið um aukna nýtingu innlends timburs.

Útivist, heilsuefning og samfélagsleg áhrif – órjúfanlegur þáttur atvinnustefnu

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur í áratugi stutt við fólk með skerta starfsgetu, unnið með VIRK og öðrum úrræðum og byggt upp félagslega virkni sem skilar verulegum heilsu- og samfélagslegum ávinningi.

Útivistarsvæði eins og Heiðmörk og Esjuhlíðar eru:

- grænir innviðir fyrir ferðaþjónustu
- heilsubætandi svæði sem draga úr heilbrigðiskostnaði
- aðdráttarafl fyrir fjölbreytt atvinnulíf
- vettvangur sjálfbóðaliða og samfélagsþróunar
- lifandi menningararfur Reykjavíkur í 75 ár

Við leggjum til að vistkerfisþjónusta – heilsuefning, útivist og menning – fái aukið vægi í atvinnustefnu Íslands.

Félagasamtök- samfélagsleg nýsköpun

Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur í verki sýnt hvernig félagasamtök geta skapað störf, aukið fjölbreytni í atvinnulífi, byggt upp innviði, stutt við menntun og starfsþjálfun, eflt félagslega virkni og stuðlað að sjálfbærum lífsgæðum í samfélaginu. Sérstaklega viljum við benda á atvinnuátakið 2008–2011 með Reykjavíkurborg þar sem yfir 100 manns fengu atvinnu og útivistarsvæði höfuðborgarinnar fengu stóran uppbyggingarskammt sem nýtist enn í dag.

Niðurstaða

Skógræktarfélag Reykjavíkur leggur áherslu á að skógrækt, sjálfbær nýting skóganna og samfélagsleg áhrif hennar verði óumdeilanlegur hluti framtíðar atvinnustefnu Íslands. Þetta felur í sér að skógrækt verði skilgreind sem fullgild og vaxandi atvinnugrein þar sem áhersla er lögð á kolefnisbindingu og endurheimt vistkerfa, auk þess sem hringrásarhagkerfi og innlend timburvinnsla verði efl. Jafnframt þarf að samþætta útivist, lýðheilsu og ferðaþjónustu við atvinnuuppbyggingu á skógarsvæðum og styrkja hlutverk félagasamtaka í þeirri þróun. Með því að horfa skýrt til alþjóðlegra loftslagsviðmiða og nýrra tækifæra sem þar skapast getur Ísland mótað atvinnustefnu sem er bæði framsýn, sjálfbær og samkeppnishæf á alþjóðavísu.

Skógræktarfélag Reykjavíkur er tilbúið að vinna með stjórnvöldum að nánari útfærslu þessara áherslna.

Fyrir hönd Skógræktarfélags Reykjavíkur,

Auður Kjartansdóttir

Framkvæmdarstjóri